

Snipping Tool – Windows 10

Tekið saman af Jóhönnu Geirsdóttur í janúar 2021

- <http://www.digitalcitizen.life/how-use-snipping-tool>
- <https://www.youtube.com/watch?v=fWNA2js9JGc>




Að taka skjáskot á **MAC**: Shift+Command og **3** til að velja allan skjáinn
Shift+Command og **4** til að velja svæði


Hvað er Snipping Tool?

Snipping Tool er klippiforrit sem fylgir endurgjaldslaust með Windows. **Snipping Tool** er hentugt verkfæri til að vinna með ef klippa þarf afmarkað svæði, t.d. hluta af mynd, skjali eða skjá og skeyta inn í annað skjal.


Hægt er að klippa hluta af skjá – eða jafnvel taka mynd af öllum skjánum. Síðan er hægt að líma (Paste) myndina.



Til að sækja **Snipping Tool** er smellt á **Search Windows** og skrifað **Snipping Tool**





Táknið fyrir **Snipping Tool** birtist ofarlega.




Hvernig virkar Snipping Tool?

Hafið skjalið opið (eða skjáinn) sem á að klippa úr. Smellið síðan á **New** til að taka skjámynd. Þegar það er virkt verður skjárinn (skjalið) mattur. Valið er það svæði sem á að klippa út.



New Nýtt Taka nýja skjámynd
Mode Útlit
Free-form Snip
Rectangular Snip
Windows Snip
Full-screen Snip


Teikna hring utan um efnið með músinni
Teikna kassa utan um efnið með músinni
Taka mynd af glugganum
Taka mynd af skjánum



Delay Seinkun
Hægt er að stilla tímann sem líður þar til hægt er að taka skjámynd eftir að smellt hefur verið á **New**




Cancel
Hætta við aðgerð



Options
Hide instruction text Fela skipanir
Always copy snips to the Clipboard Vista alltaf á klemmuspjald
Include URL below snips (HTML only) Láta vefslóð fylgja mynd
Prompt to save snips before exiting Birta aðvörðun um hvort vista eigi myndina áður ef farið er úr forritinu
Show Screen overlay when Snipping Tool is active Sýna skjáýfirlögn

Eftir að búið er að velja kemur upp skjár með ýmsum möguleikum til að vinna með myndina.



Síðan er hægt að velja t.d. hvar eigi að vista myndina (**File – Save As**) og á hvaða formi (png, gif, jpg eða html). Einnig er hægt að senda myndina sem viðhengi í tölvupósti.

